

Ed.

88. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

67. gr. laganna hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og einum gæzlustjóra.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, skipar bankastjórnina og hefir umsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra og gæzlustjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara.

Bankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samantlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Laun gæzlustjóra og dýrtíðaruppbót ákveður ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé

bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra getur einnig veitt fráförnum gæzlustjóra og ekkju hans eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og gæzlustjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða gæzlustjóri forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

2. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

Bankastjóri annast dagleg störf bankans. Bankastjóri og gæzlustjóri skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjóra heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun hókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjóra þarf til, nema með samþykki bankastjóra eða gæzlustjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsg. þessarar greinar.

Ráðherra setur fyrirmæli um störf og verksvið gæzlustjóra.

3. gr.

70. gr. sömu laga breytist þannig:

- a. Í stað „Aðalbankastjóri“ í 1. málsg. komi: Bankastjóri.
- b. Fyrir „bankastjórar“ í 2. og 3. málsg. komi: bankastjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, um breyting á lögum nr. 31 frá 14. júní 1929. um Búnaðarbanka Íslands, er gert ráð fyrir því, að sú nýja skipan verði á gerð um stjórn bankans, að bankastjóri sé aðeins einn og einn gæzlustjóri.

Það voru þegar í upphafi sterkar raddir uppi um það, þegar Búnaðarbanki Íslands var stofnaður, að þetta fyrirkomulag væri haft á stjórn hans, þótt það yrði hinsvegar ekki niðurstaðan. Má e. t. v. til sanns vegar færa, að það hafi ekki verið óeðlilegt að hafa stjórn bankans svo sem ákveðið var. meðan verið var að koma bankarekstri þessum í fast horf, þótt vitanlega sé um það og verði nokkur ágreiningur. En nú þykir eigi rétt að draga lengur að gera þessa breytingu. Er auðsætt mál, að auðvelt er að komast af með þetta fyrirkomulag. og er það til verulegs sparnaðar frá því, sem verið hefir.